

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 2011 í máli nr. X-532/2010:

Íslandsbanki hf.

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Þrotabúi AB 258 ehf.

(Ólafur Kjartansson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. mars sl., var þingfest 29. október 2010. Sóknaraðili er Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, Reykjavík. Varnaraðili er Þrotabúi AB 258 ehf.

Kröfur sóknaraðila í málinu eru eftirfarandi:

Aðallega að viðurkennd verði krafa sóknaraðila að fjárhæð 23.757.923 krónur, sem njóti réttarstöðu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, o.fl., við gjaldþrotaskipti varnaraðila, sbr. kröfu nr. 3 í kröfuskrá.

Til vara að viðurkennd verði krafa sóknaraðila að fjárhæð 14.311.954 krónur sem njóti réttarstöðu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, o.fl., við gjaldþrotaskipti varnaraðila.

Til þrautavara að viðurkennd verði krafa sóknaraðila að fjárhæð 11.990.494 krónur sem njóti réttarstöðu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, o.fl., við gjaldþrotaskipti varnaraðila.

Til þrautþrautavara að viðurkennd verði krafa sóknaraðila að fjárhæð 11.848.583 krónur sem njóti réttarstöðu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, o.fl., við gjaldþrotaskipti varnaraðila.

Í öllum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Kröfur varnaraðila í málinu eru þær að krafa sóknaraðila að fjárhæð 7.330.789 krónur verði viðurkennd sem almenn krafa í bú varnaraðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 2010 var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili lýsti kröfum í búið, svo sem rakið er í framlagðri kröfulýsingu. Á skiptafundi 24. ágúst 2010 hafnaði skiptastjóri kröfum sóknaraðila, þ.m.t. kröfu þeirri um ræðir í málinu, vegna óvissu um lögmæti gengistryggingar í samningi aðila og vegna þess að ekki lá fyrir mat á eignum. Var ákveðið að vísa til héraðsdóms ágreiningi vegna eins samnings, nr. 612391-012.

Ágreiningur aðila varðar kröfu sóknaraðila í bú varnaraðila á grundvelli samnings um fjármögnunarleigu nr. 612391-012. Samkvæmt samningnum, dagsettum 16. ágúst 2007, var hið leigða KOMATSU HM350-2 vél, fastanúmer/raðnúmer UJ126. Seljandi samkvæmt 2. tölulið samningsins var Kraftvélar ehf. en varnaraðili var leigutaki, sbr. 1. tölulið. Sóknaraðili var hins vegar leigusali. Gjald dagar voru samtals 60, frá 16. september 2007 til og með 14. september 2012.

Skv. 3. tölulið fjármögnunarleigusamningsins var kaupverð hins leigða 21.800.000 krónur, án virðisaukaskatts, og þá var samningsfjárhæð, einnig án virðisaukaskatts, sögð hin sama. Í 5. tölulið samningsins sagði að leigugjald/kaupverð í íslenskum krónum við gerð samnings væri 60 greiðslur með eins mánaðar millibili, í fyrsta sinn 15. september 2007, að fjárhæð 413.100 krónur, en 102.692 krónur við lok samningstíma. Í 6. tölulið samningsins var kveðið á um svokallaða samningsviðmiðun sem í upphafi skyldi miðast við „USD 25%, JPY 15%, EUR 40%, CHF 20%“. Var jafnframt kveðið á um að endanleg fjárhæð í erlendum myntum réðist af gengi á útborgunardegi samningsins. Í 7. tölulið voru tilgreindir sérstakir samningsskilmálar en þar sagði: „Vextir frá útborgunardegi greiðist með 1. gjalddaga.“

Um samning aðila giltu almennir samningsskilmálar sóknaraðila. Skilmálar þessir giltu jafnt um kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga nema annað væri sérstaklega tekið sérstaklega fram. Í samningsskilmálunum er kveðið á um, sbr. 1. gr., að eignarréttur að hinu leigða haldist hjá leigusala á meðan að samningurinn er í gildi. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. samningsskilmálanna kemur leigutaki fram sem kaupandi hins leigða gagnvart seljanda og á réttindi og ber skyldur sem slíkur samkvæmt ákvæðum kaupalaga. Vanefndir seljanda eru leigusala óviðkomandi. Ber leigutaka að beina öllum kröfum vegna hins leigða til seljanda.

Í 2. gr., 3. tölulið, er kveðið á um að á útgáfudegi hvers leigureiknings taki leigugreiðslur „sem eru gengistryggðar breytingum til hækkunar eða lækkunar miðað við sölugengi hins erlenda gjaldmiðils/hinna erlendu gjaldmiðla, sem greindir er/greindir eru í lið 6 gagnvart íslenskri krónu samkvæmt gengisskráningu Glitnis banka hf.“. Í 2. gr., 4. tölulið er kveðið á um að leigusala sé heimilt að endurreikna leigugjald það, sem gengistryggt sé, samkvæmt breytingum sem verði á millibankavöxtum í þeim erlendu gjaldmiðlum sem greindir séu í lið 6.

Samkvæmt 3. gr. hinna almennu samningsskilmála greiðir leigutaki alla skatta og öll opinber gjöld sem kunna að verða lögð á hið leigða. Sama gildir um kostnað vegna skráninga þess. Þá er í 7. gr. samningsskilmálanna kveðið á um að leigutaki beri ábyrgð á öllu tjóni eða bilunum á hinu leigða og hefur tjón eða bilun engin áhrif á skyldu hans til að greiða leigu.

Í 10. gr. skilmálanna er kveðið á um hvenær leigusala sé heimilt að rifta samningi og í 11. gr. er kveðið á um afhendingu hins leigða vegna riftunar. Þar segir að sé samningi rift samkvæmt 10. gr. skuli leigutaki afhenda leigusala hið leigða, enda hafi leigusali ekki fallið frá eignarrétti sínum. Í 12. gr. er kveðið á um uppgjör vegna riftunar. Er leigusala heimilt að krefja leigutaka um fullar greiðslur allt til loka leigutíma jafnvel þó svo samningi sé rift eða honum með öðrum hætti slitið á samningstímanum. Í 2. tölulið 12. gr. er tilgreint að leigusali geti krafist leigutaka um mánaðarlegt leigugjald skv. 5. gr. samnings aðila uppreiknað, margfaldað með fjölda greiðslna sem eftir standa að frádregnum vaxtahluta greiðslnanna. Í 13. gr. b. er síðan sérstaklega kveðið á um að „sé fjármögnunarleigusamningi ekki sagt upp af hálfu leigutaka við lok lágmarkssamningstíma framlengist samningurinn um óákveðinn tíma.“ Skal leigutaki þá greiða leigugjald það, sem greint er í lið 5 í fjármögnunarleigusamningi, svo reiknað sem í 2. gr. segir, ársfjórðungslega.

Með dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins (FME) til lánastofnana um meðferð rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamninga frá 14. september 2010 beindi FME því til lánastofnana að meðferð rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamninga væri með sama hætti og meðferð kaupleigusamninga meðan ekki hefði verið skorið úr hvort viðkomandi samningar féllu undir gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

II.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili í fyrsta lagi á því að umþrættur samningur falli utan gildissviðs laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem um leigu en ekki lán sé að ræða. Eftir heiti VI. kafla laga nr. 38/2001, sem 13.-16. gr. laganna tilheyri, taki hann til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Samningurinn sé ekki um lán heldur leigu og falli þar af leiðandi ekki undir þessar reglur laganna. Af þeim sökum hafi verið frjálst að semja um gengistryggingu án tillits til þeirra, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í máli nr. 98/1978.

Hinn umþrætta samning segir sóknaraðili vera í grundvallaratriðum frábrugðin þeim samningum sem fjallað hafi verið um í dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010, enda sé eðlismunur á kaupleigu annars vegar og fjármögnunarleigu hins vegar. Samkvæmt samningnum sé ekki ráðgert að varnaraðili eignist hið leigða við lok samningstímans, sbr. 13. gr. b. hinna almennu skilmála þar sem segi „... að sé fjármögnunarleigusamningi ekki sagt upp af hálfu leigutaka við lok lágmarkssamningstíma framlengist samningurinn um óákveðinn tíma“. Leigutaki skuli þá greiða leigugjald það sem greint sé í lið 5 í fjármögnunarleigusamningi að teknu tilliti til mögulegra breytinga í samræmi við 2. gr. hinna almennu skilmála, hér sölugengi erlendra gjaldmiðla, árfjórðungslega. Umþrættur samningur geti því aldrei talist vera annað en leigusamningur þar sem eignarrétturinn færir ekki til varnaraðila við lok leigutíma. Til að um lán í skilningi laga gæti verið að ræða þyrfti samningurinn að fela í sér að varnaraðili eignaðist hið leigða við lok samningstíma. Að þessu leyti sé algjör eðlismunur á fjármögnunarleigusamningum annars vegar og svokölluðum kaupleigusamningum hins vegar. Einu gildi þó svo í framkvæmd geti leigutaki eftir atvikum samið um kaup á hinu leigða við lok samningstíma. Slíkur réttur verði ekki leiddur af samningi um fjármögnunarleigu heldur sé hann alfarið háður nýjum og sjálfstæðum gerningi á milli leigusala og leigutaka og sé leigusala í sjálfsvald sett hvort hann

vill selja hið leigða eða ekki.

Af framangreindu kveður sóknaraðili leiða að orðalagið „[l]eigugjald/kaupverð í íslenskum krónum við gerð samnings“, sbr. 5. tölulið samningsins, sé misvísandi og um leið merkingarlaust þegar það sé, í samræmi við viðurkenndar túlkunarreglur samningaréttar, lesið í samhengi við önnur ákvæði samningsins og hina almennu skilmála sem um samninginn hafi gilt, svo og framkvæmd hans. Bendir sóknaraðili á að í réttarlegu samhengi hafi verið litið á eignaleigu sem leigustarfsemi, sbr. til dæmis 3. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og þá hafi skattayfirvöld talið að innheimta beri virðisaukaskatt af heildarfjárhæð reikninga í fjármögnunarleigusamningnum, en líta skuli á greiðslur samkvæmt kaupleigu samningum á sama hátt og afborganir í almennum afborgunarviðskiptum. Virðisaukaskattur sé aldrei lagður á afborganir samkvæmt lánasamningum.

Önnur ákvæði umþrættis samnings segir sóknaraðili styðja þá niðurstöðu að um leigu frekar en lán sé að ræða. Þannig sé, öndvert við áðurgreinda kaupleigusamninga, hvergi talað um „lán“, sbr. á hinn bóginn umfjöllun í dómum Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 92/2010. Af framlögðu greiðslufirliti megi jafnframt ráða að leigugreiðslur hafi ekki borið sérstaka vexti, gagnstætt því sem gilt hafi um samningana í tilvísuðum dómum Hæstaréttar. Að þessu leyti sé orðalag 7. töluliðar umþrættis samnings um að „[v]extir frá útborgunardegi greiðast frá gjalddaga“ misvísandi og um leið merkingarlaust, þ.e. þegar ákvæðið sé, í samræmi við viðurkenndar túlkunarreglur samningaréttar, lesið í samhengi við önnur ákvæði samningsins og hina almennu skilmála sem um samninginn hafi gilt og framkvæmd hans. Sömu leiðis sé ekkert í gögnum málsins sem styðji að sóknaraðili hafi verið að kaupa samningsandlagið frekar en að taka það á leigu. Þvert á móti beri gögn málsins það með sér að sóknaraðili kaupi hið leigða en leigi síðan varnaraðila samkvæmt sérstökum samningi þeirra á milli. Sé enda ekki, gagnstætt því sem gildi um kaupleigusamninga, samið um tiltekið kaupverð við lok leigutíma.

Sóknaraðili segir einu gilda við úrlausn málsins að hann hafi keypt hið leigða fyrir milligöngu varnaraðila. Í því hafi einfaldlega falist ákveðið viðskiptalegt hagræði fyrir báða aðila. Einn helsti kosturinn við fjármögnunarleigu sé að hún bindi ekki dýrmætt rekstrarfé. Með endurfjármögnun nýlegra tækja megi bæta lausafjárstöðu viðkomandi fyrirtækis og auðvelda þannig fjárhagslega endurskipulagningu. Með því að láta sóknaraðila kaupa tækið hafi auk þess fengist staðgreiðslukjör. Þá fylgi fjármögnunarleigu skattalegt hagræði, en nýta megi leigugreiðslur til skattalækkunar.

Að mati sóknaraðila gildir jafnframt einu þótt riftun leigusamnings hafi getað leitt af sér þá niðurstöðu að varnaraðili þyrfti að greiða fjárhæð sem svaraði til fjölda ógreiddra leigugreiðslna út samningstímann, sbr. 12. gr. hinna almennu skilmála. Að lögum sé ekkert sem meini leigusala að semja um slíkan rétt sér til handa vegna vanefnda leigutaka. Með þessu sé í reynd verið að semja um ígildi skaðabóta í formi efnabóta til handa leigusala. Þessi niðurstaða sé í samræmi við almennar reglur um samningsfrelsi.

Samkvæmt öllu framansögðu telur sóknaraðili einsýnt að hinn umdeildi samningur sé um leigu en ekki lán og hann falli því utan gildissviðs laga nr. 38/2001.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að samningurinn sé um lán en ekki leigu kveðst sóknaraðili byggja á því að samningurinn feli ekki í sér gengistryggingu í andstöðu við lög nr. 38/2001. Skuldbindingin sem slík sé í erlendri mynt en ekki íslenskum krónum og falli hún því utan gildissviðs laganna. Enn fremur sé á því byggt að jafnvel þó svo talið verði að um gengistryggt lán hafi verið að ræða þá hafi sóknaraðila verið heimilt að víkja frá ákvæðum IV. kafla laga nr. 38/2001 þar sem það hafi verið til hagsbóta fyrir varnaraðila, sbr. 2. gr. laganna. Á því tímamarki sem samningurinn var gerður hafi sú fjármögnun sem samningurinn fól í sér verið varnaraðila hagfelldari en önnur sem honum stóð til boða og hún því um leið verið lögmæt á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis. Gerð samningsins hafi þannig ekki verið andstæð lögum nr. 38/2001.

Verði talið, þrátt fyrir allt framangreint, að umþrættur samningur falli innan gildissviðs laga nr. 38/2001 og hann jafnframt talinn fela í sér „gengistryggingu“ andstæða lögnum sé á því byggt af hálfu sóknaraðila að slík niðurstaða sé í andstöðu við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum um frelsi til fjármagnsflutninga, sbr. 40. gr. samningsins, sbr. lög nr. 2/1993. Líta verði á EES-reglur sem sérreglur er gangi framar lögum nr. 38/2001 og þá sé það viðurkennd lögskýringarregla að skýra beri íslensk lög til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Krafa þess efnis að lánskuldbinding sé í erlendri mynt, svo og endurgreiðslur hennar, og „gengistrygging“ þannig bönnuð, hafi það í för með sér teljandi fyrirhöfn og kostnað fyrir lántaka sem aftur geri veitingu erlendra lána erfiðari og óhentugri fyrir lánveitendur og lántaka. Það sé síðan til þess fallið að draga úr möguleikanum á því að lánastofnanir innan EES-svæðisins bjóði þjónustu hér á landi. Þá geri það áhættustýringu erfiðari að því er varði jafnvægi innlendra og erlendra eigna sem aftur sé til þess fallið að draga úr áhuga aðila á að sækja sér fjármagn til annarra ríkja innan EES. Slíkt regluverk sé jafnframt til þess fallið að letja lánsviðskipti við erlenda aðila, sem aftur teljist hindrun á frjálsu flæði fjármagns.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að um lánskuldbindingu í íslenskum krónum sé að ræða sem sé í andstöðu við lög nr. 38/2001 byggir sóknaraðili á því að skuldbindingin eigi að teljast verðtryggð og bera vexti eins og aðrar láns skuldbindingar. Aðallega sé á því byggt, sbr. vara- og þrautavarkröfur, að skuldbindingin skuli þá teljast verðtryggð í samræmi við vísitölu neysluverðs, sbr. og 2. gr. 2) hinna almennu skilmála, og bera vexti í samræmi við það samkvæmt gjaldskrá sóknaraðila á tíma lánskuldbindingar, en ella bera seðlabankavexti miðað við verðtryggðar skuldbindingar á sama tímabili, enda að sönnu ætlun sóknaraðila, sbr. umþrætta gengisviðmiðun, að „verðtryggja“ skuldbindinguna. Krafa sóknaraðila um verðtryggingu og vexti miðað við verðtryggðar skuldbindingar fái þannig stoð í forsendukenningu samningaréttar, sbr. einnig 36. gr. laga nr. 7/1936. Verði ekki á þetta fallist krefjist stefnandi þess, sbr. þrautþrautavarakröfu, að skuldbindingin beri vexti sem teljist jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laganna. Venjuhelgað sé að lán fjármálafyrirtækja til einstaklinga og lögaðila beri vexti, sbr. og ákvæði 3. gr. laga nr. 38/2001 um að almenna vexti skuli greiða af peningakröfu þegar það leiði af venju. Skv. 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 skuli vextir þegar svo standi á að ekki sé samið um vaxtaviðmiðun vera á hverjum tíma jafnháir

vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af læstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir séu skv. 10. gr. laganna. Af hálfu sóknaraðila sé á því byggt að sömu niðurstöðu megi leiða af 36. gr. laga nr. 7/1936, sem og forsendukenningu samningaréttar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar sóknaraðili einkum til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, svo og meginreglna fjármunaréttar, þar á meðal um samnings frelsi og skuldbindingargildi samninga sem og forsendukenningu samningaréttar. Þá vísar sóknaraðili einnig til ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sérstaklega 113. gr. laganna.

III.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því að samningur aðila sé í raun lánessamningur. Samningurinn sé um margt ólíkur því sem almennt gerist um leigusamninga og beri efni hans með sér að í raun sé um að ræða lánessamning en ekki leigusamning. Samkvæmt orðsskýringu á heiti samningsins sé um að ræða leigu á fjármagni, en hún kallist í daglegu tali lán.

Með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 heldur varnaraðili því fram að samningur aðila hafi verið lánessamningur en ekki leigusamningur. Í fyrsta lagi vísar varnaraðili til þess að hann hafi sjálfur haft frumkvæði að kaupum á samningsandlaginu og komið fram gagnvart seljanda sem kaupandi. Eignarhald þriðja manns á samningsandlaginu fyrir gerð samningsins sýni fram á að um hafi verið að ræða lán til kaupa á andlaginu. Aðstaðan sé ólík því sem tíðkist með leigusamninga því sóknaraðili kaupir samningsandlagið að beiðni og frumkvæði varnaraðila, gagngert í þeim tilgangi að fela varnaraðila umráð þess.

Skv. 2. mgr. 1. gr. samningsskilmálanna sé það varnaraðili en ekki sóknaraðili sem komi fram gagnvart seljanda sem kaupandi. Varnaraðili eigi réttindi og beri skyldur gagnvart seljanda tækisins. Hugsanlegar vanefndir seljanda hafi verið sóknaraðila óviðkomandi og hafi varnaraðila borið að beina öllum kröfum vegna kaupanna til seljanda tækisins.

Sóknaraðili hafi á engan hátt komið að kaupum á samningsandlaginu að öðru leyti en því að hann hafi verið skráður kaupandi til tryggingar á efndum á lánessamningi. Það hafi verið varnaraðili sem farið hafi með öll réttindi og skyldur kaupanda og átt allar kröfur á hendur seljanda vegna hugsanlegra vanefnda. Þetta fyrirkomulag sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkist í leigusamningum heldur megi líkja þessu við að sóknaraðili hafi fengið veðtryggingu fyrir láni sínu.

Í öðru lagi bendir varnaraðili á að leiguverðið hafi eingöngu verið ákvarðað út frá kostnaði sóknaraðila við fjármögnun kaupanna, en ekki raunverulegu verðmæti samningsandlagsins. Greiðslur varnaraðila til sóknaraðila hafi tekið mið af því að endurgreiða upprunalegan höfuðstól, þ.e. kaupverð samningsandlagsins, að viðbættum vöxtum og vaxtaálagi. Þetta fyrirkomulag svari til endurgreiðslu á láni.

Varnaraðili heldur því fram að fyrirkomulag og útreikningur greiðslna sé í samræmi við lánessamning en ekki leigusamning. Sú útfærsla hafi verið vel þekkt í viðskiptum aðila að sóknaraðili hafi boðið upp á fjármögnun upp að tilteknu marki. Varnaraðili hafi þá greitt tiltekið hlutfall kaupverðs í upphafi samnings- og

leigugreiðslur verið ákvarðaðar út frá eftirstöðvum kaupverðs, en ekki verðmæti andlagsins.

Jafnframt vísar varnaraðili til þess að það hafi verið sóknaraðili sem boðið hafi upp á og auglýst fjármögnunarleigu sem hagstæðan kost við fjármögnun á atvinnutækjum. Sóknaraðili hafi klætt lánsamning í búning leigusamnings. Samningurinn hafi verið útfærður sem leigusamningur þar sem trygging sóknaraðila fyrir endurgreiðslu hafi verið í formi eignarskráningar, í stað þess að varnaraðili gæfi út skuldabréf, tryggt með veði í samningsandlaginu.

Á því er byggt af hálfu varnaraðila að hin efnislega meðferð kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga hafi verið eins. Um samningana hafi gilt að stofni til sömu skilmálar, almennir samningsskilmálar sóknaraðila. Því séu ekki forsendur til að skilja á milli þessara tegunda eins og sóknaraðili geri í málaltilbúnaði sínum. Í tilmælum FME frá 14. september 2010 hafi stofnunin ekki séð ástæðu til að gera greinarmun á þessum samningum með tilliti til lögmætis gengistryggingar. Þá hafi sóknaraðili ekki fært samningsandlagið sem eign í bókahaldi sínu heldur hafi hann fært til eignar kröfuna samkvæmt samningi aðila.

Í þriðja lagi vísar varnaraðili til þess að þar sem greiðslur samkvæmt samningi aðila beri vexti hafi verið um að ræða lán en ekki leigugreiðslur, sem almennt beri ekki vexti. Í 7. gr. samnings aðila segi að vextir frá útborgunardegi greiðist með 1. gjalddaga. Þá segi í 4. tölulið 2. gr. almennra samningsskilmála samningsins að sóknaraðila sé heimilt að endurreikna leigugjald sem sé gengistryggt samkvæmt breytingum á LIBOR/EURIBOR-vöxtum á erlendum gjaldmiðlum tilgreindum í 6. gr. samningsins.

Varnaraðili vísar til þess að í þremur skilmálabreytingum með samningi aðila segi að greiðsluáætlun sé breytt á þann veg að á tilteknu tímabili verði „... vaxtagjalddagar (einungis greiddur vaxtaþáttur afborgunar skv. greiðsluáætlun)“. Bendir varnaraðili á að í tilvitnuðum texta sé bæði vísað til vaxta og afborgana sem eigi við um lán en ekki leigu. Enn fremur segi í 2. tölulið 12. gr. almennu samningsskilmálanna að við riftun á samningi skuli leigutaki standa leigusala skil á leigugreiðslu skv. 5. lið samnings „... margfaldaðri með þeim fjölda greiðslna sem eftir standa, að frádregnum vaxtahluta þeirra.“ Varnaraðili greiði því eftirstöðvar samnings að frádregnum ógjaldföllnum vöxtum.

Samkvæmt framansögðu hafi greiðslur samkvæmt samningi aðila borið vexti sem bendi eindregið til þess að um hafi verið að ræða lán en ekki leigu.

Varnaraðili kveðst hafna því sem haldið sé fram í greinargerð sóknaraðila að ákvæði 7. gr. samnings aðila um vexti sé misvísandi og merkingarlaust. Þvert á móti sé merking þess ljós sé ákvæðið lesið í samhengi við ákvæði samningsins um endurútreikning leigugjalds samkvæmt breytingum á millibankavöxtum, uppgjör ógreiddra leigugreiðslna við riftun og yfirlýsingu aðila um breytingar á samningnum. Beri samningurinn ekki vexti, svo sem sóknaraðili haldi fram í greinargerð sinni, hefði aðilum verið ómögulegt að semja um greiðslu sérstakra vaxtagjalddaga eða draga frá vaxtahluta greiðslna við uppgjör samningsins. Varnaraðili bendir ennfremur á að í bókahaldi sóknaraðila hafi tekjur af samningum vegna fjármögnunarleigu, sem og annarri eignarleigu, verið færðar sem vaxtatekjur en ekki leigutekjur. Í rekstrarreikningi sóknaraðila hafi hann umtalsverðar

vaxtatekjur en engar leigutekjur.

Í fjórða lagi byggir varnaraðili á því að í samningi aðila hafi ekki verið samhengi milli greiðslna varnaraðila annars vegar og afnota af samningsandlaginu hins vegar. Þegar um leigusamning sé að ræða sé gagnkvæmni milli skyldu leigusala til að láta í té afnotarétt af samningsandlaginu og skyldu leigutaka til að greiða leigugreiðslu fyrir þau afnot. Þessi sé ekki svo farið í hinum umdeilda samningi þar sem greiðsluskylda varnaraðila sé óháð afnotum af andlaginu, sbr. ákvæði 7. gr. samningsskilmálanna um að greiðsluskylda falli ekki niður þó svo afnot falli niður vegna bilunar eða tjóns. Jafnframt vísar varnaraðili til ákvæðis 2. töluliðar 12. gr. um heimild sóknaraðila til að innheimta leigugreiðslur að fullu, verði samningi rift eða honum slitið af öðrum orsökum fyrir áætluð lok leigutíma.

Samkvæmt framansögðu hafi skylda varnaraðila samkvæmt samningi aðila ekki verið fólgin í því að greiða fyrir afnot hlutarins heldur að endurgreiða það fé sem sóknaraðili lánaði til kaupa á tækinu.

Í fimmta lagi vísar sóknaraðili til þess að skv. 12. gr. hinna almennu samningsskilmála hafi sóknaraðila verið heimilt, þótt samningi aðila væri rift á grundvelli vanskila eða honum slitið af öðrum ástæðum, að innheimta fullar leigugreiðslur til loka samningstímans. Samkvæmt skilmálunum hafi varnaraðila borið að standa skil á; gjaldföllnum greiðslum skv. 1. tölulið 12. gr., ógjaldföllnum afborgunum skv. 2. tölulið, öðrum tilfallandi kostnaði skv. 3. tölulið, bótum til leigusala vegna riftunar samkvæmt 4. tölulið og dráttarvöxtum skv. 5. tölulið.

Þá staðreynd að sóknaraðila hafi við vanefndir verið heimilt að rifta samningi og samhliða krefja varnaraðila um fullar greiðslur til loka samningstímans kveður varnaraðili sýna að um hafi verið að ræða lánsamning en ekki leigusamning. Varnaraðila hafi verið gert að greiða mánaðarlega leigugreiðslu samkvæmt samningi „... margfaldaðri með þeim fjölda greiðslna sem eftir standa, að frádregnum vaxtahluta þeirra.“, þ.e. greiða ógjaldfallnar eftirstöðvar samningsins, eins og þegar lán sé gjaldfellt vegna vanskila. Gera verði skýran greinarmun á rétti leigusala til að krefjast bóta fyrir missi leigutekna annars vegar og fortakslausri skyldu til að greiða eftirstöðvar samnings að fullu, sbr. samning aðila. Í þessu sambandi bendir varnaraðili sérstaklega á að bótaréttur leigusala vegna riftunar á samningi fyrir lok samningstíma sé sérstaklega áréttaður í 4. tölulið 12. gr. samningsskilmálanna. Réttur þessi sé óháður skyldu varnaraðila til að greiða ógjaldfallnar leigugreiðslur skv. 2. tölulið sömu greinar.

Í sjötta lagi bendir varnaraðili á að þar sem eignamyndun á samningstíma tilheyrir honum en ekki sóknaraðila sé um lán að ræða, en séu verðmæti samningsandlagsins hærrí en eftirstöðvar hans renni mismunurinn til varnaraðila. Væri um leigusamning að ræða væri þessu öfugt farið.

Ljúki samningi aðila fyrir ætluð samningslok gildi ákvæði 12. gr. samnings skilmálanna um uppgjör aðila. Frá þeim kröfum sem sóknaraðili kunni að eiga skv. 1.-5. tölulið 12. gr. dragist staðgreiðsluverðmæti samningsandlagsins að frádregnum kostnaði sóknaraðila.

Skv. 4. mgr. 12. gr. samningsskilmálanna sé sóknaraðila heimilt að verja andvirði samningsandlagsins, sem eftir kunni að standa þegar greiðslum skv. 1.-5. tölulið 1.

mgr. hafi verið fullnægt, til að greiða niður vanskil og kröfur vegna annarra eignaleigusamninga milli aðila. Ákvæði þetta verði ekki skilið öðru vísi en svo að ef engar slíkar kröfur séu fyrir hendi beri sóknaraðila að greiða varnaraðila út mismuninn.

Í sjöunda lagi vísar varnaraðili til þess að í viðskiptum aðila hafi sá háttur verið hafður á við lok fjármögnunarleigusamninga að eignarhald samningsandlagsins hafi færst frá sóknaraðila til varnaraðila án sérstaks samnings þar um. Á greiðsluseðlum frá sóknaraðila hafi verið tilgreint áætlað verðmæti leigumunar í lok samningstíma. Hafi það verið ígildi lokagreiðslu til færslu eignarréttar frá sóknaraðila til varnaraðila. Við uppgjör hafi verið tekið fram á útsendum greiðsluseðli að „[u]ppgjör samnings og útgáfa afsals miðast við að leigugreiðsla og aðrar greiðslur séu í skilum“. Engin dæmi séu hins vegar til um það í umfangsmiklum viðskiptum aðila að lok samnings hafi verið með þeim hætti sem greini í ákvæði 13 b í almennum samningsskilmálum sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að uppgjör aðila hafi verið með þeim hætti að í lok samnings hafi sóknaraðili gefið út greiðsluseðil fyrir lokagreiðslu sem varnaraðili hafi greitt samhliða því að gefið var út afsal. Sami háttur hafi verið hafður á þegar varnaraðili hafi kosið að leysa til sín tæki fyrir lok samningstíma. Eftirstöðvar samnings aðila hafi þá verið greiddar upp og eignarréttur færður til varnaraðila. Þá telji varnaraðili að með hliðsjón af uppgjörsákvæðum í 12. gr. samningsskilmálanna hafi hinn raunverulegi eignarréttur legið hjá varnaraðila en ekki sóknaraðila. Ljóst sé af ákvæðinu að ef verðmæti hins leigða eða váttryggingarbætur væru hærri en krafa leigusala skv. 1.-5. tölulið 12. gr. rynni sá mismunur til varnaraðila.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið segir varnaraðili verða að líta svo á að sóknaraðili hafi veitt varnaraðila lán til kaupa á samningsandlaginu, sem klætt hafi verið í búning leigusamnings. Aðdragandi samningsins, ákvæði hans og uppgjör taki mið af því að sóknaraðili láni varnaraðila til kaupa á samningsandlaginu og fái greitt til baka ásamt umsömdum vöxtum. Ekki sé um það að ræða að varnaraðili greiði sóknaraðila fyrir afnot samningsandlagsins, svo sem algilt sé um leigusamninga. Samningur aðila hafi því verið lánsamningur í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001.

Varnaraðili kveður samning aðila skýrlega bera með sér að hann sé lán í íslenskum krónum. Samningsfjárhæðin sé tilgreind í íslenskum krónum, svo og mánaðarlegar greiðslur. Þá sé í 3. tölulið 2. gr. almennra samningsskilmála getið um gengistryggðar leigugreiðslur. Enn fremur séu fjárhæðir í erlendir mynt ekki tilgreindar í samningi, heldur eingöngu hlutfall þeirra.

Á því sé byggt, með vísan til forsendna Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010, að ótvírætt sé að samningur aðila hafi falið í sér skuldbindingu í íslenskum krónum og falli hann því undir reglur VI. kafla laga nr. 38/2001. Um sé að ræða lánsamning í íslenskum krónum sem gengistryggður sé eftir gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla á gjalddögum hans. Lög nr. 38/2001 heimili ekki að lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 séu ófrávíkjanlegar, sbr. 2. gr. laganna, og verði því ekki samið um grundvöll verðtryggingar sem ekki sé stöð fyrir í lögum. Fyrirnefnd ákvæði í samningi sóknar- og varnaraðila um

gengistryggingu hafi því verið í andstöðu við fyrirmæli laganna og af þeim sökum óskuldbindandi fyrir varnaraðila.

Þeim málalíbúnaði sóknaraðila að undanþága 2. gr. laga nr. 38/2001 geti átt við um viðskipti aðila kveðst varnaraðili hafna. Sóknaraðili hafi ekki fært neinar sönnur á að gengistryggður samningur sé varnaraðila hagstæðari. Þvert á móti sýni framlagðir endurútreikningar að umreiknaður í samræmi við forsendur Hæstaréttar í málinu nr. 471/2010 sé samningurinn varnaraðila hagstæðari en ef hann stæði óbreyttur.

Varnaraðili segir gera verða skýran greinarmun á lánum í erlendri mynt og gengistryggðum lánum í íslenskum krónum. Ekkert hindri aðila í því að bjóða lán sem í raun og veru séu í erlendri mynt.

Með setningu laga nr. 38/2001 hafi heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verið felldar niður. Eðlilegt hafi verið talið að ef vilji væri til að nota erlenda gjaldmiðla í lánsviðskiptum væri sá tiltekni gjaldmiðill notaður, svo sem fram komi í lögskýringargögnum. Ef um sé að ræða skuldbindingu í erlendri mynt sé engin fyrirstaða fyrir aðila að semja um uppgjörsaðferð sem taki mið af kostnaði í erlendri mynt/myntum. Ekki verði séð að nokkrar hömlur eða hindranir séu settar við starfsemi lánastofnana sem vilji bjóða upp á raunveruleg erlend lán. Ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 séu því ekki andstæð ákvæðum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga, sbr. 40. gr. samningsins.

Jafnvel þó svo dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 séu í andstöðu við ákvæði EES-samningsins verði að leggja gildandi landsrétt til grundvallar við úrlausn ágreinings aðila í málinu. Lög nr. 38/2001 séu yngri en lög nr. 2/1993 og engin gild rök séu fyrir því að láta eldri lög ganga framur hinum yngri við úrlausn ágreinings samkvæmt íslenskum landsrétti. Ekki sé þá tekin afstaða til þess hvort sóknaraðili kunni að eiga bótarétt á hendur íslenska ríkinu vegna vankanta á lögleiðingu EES-samningsins.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Enn fremur vísar hann til ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

IV.

A.

Óumdeilt er að varnaraðili hafði frumkvæði að kaupum á Komatsu-vél þeirri sem samningur aðila varðaði og kom fram gagnvart seljanda sem kaupandi í samræmi við 2. mgr. 1. gr. hinna almennu samningsskilmála. Samkvæmt sömu grein var það varnaraðili sem átti réttindi og bar skyldur gagnvart seljanda tækisins. Þá voru hugsanlegar vanefndir seljanda sóknaraðila óviðkomandi og bar varnaraðila að beina öllum kröfum vegna kaupanna til seljanda tækisins.

Ekki verður séð að sóknaraðili hafi komið að kaupum á fyrrnefndri vél að öðru leyti en því að hann hafi verið skráður kaupandi til tryggingar á efndum á lánsamningi. Varnaraðili fór hins vegar samkvæmt framansögðu með öll réttindi

og skyldur kaupanda og átti allar kröfur á hendur seljanda vegna hugsanlegra vanefnda.

Af gögnum málsins þykir mega ráða að umsamið leiguverð hafi verið ákvarðað út frá kostnaði sóknaraðila við fjármögnun kaupanna, en ekki raunverulegu verðmæti vélarinnar. Greiðslur varnaraðila til sóknaraðila tóku mið af því að endurgreiða upprunalegan höfuðstól, þ.e. kaupverð vélarinnar, að viðbættum vöxtum og vaxtaálagi.

Svo virðist sem meðferð kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga sem sóknaraðili gerði hafi efnislega verið eins. Um samningana giltu að stofni til sömu skilmálar, almennir samningsskilmálar sóknaraðila. Einnig þykir verða að líta til þess að sóknaraðili færði ekki umrædda vél sem eign í bókahaldi sínu heldur færði hann kröfuna samkvæmt samningi aðila til eignar og voru tekjur af samningum vegna fjármögnunarleigu færðar sem vaxtatekjur en ekki leigutekjur.

Við úrlausn málsins verður enn fremur að horfa til þess að greiðslur samkvæmt samningi aðila báru vexti, en slík ákvæði eiga engan veginn við í leigusamningum. Þannig sagði í 7. gr. samningsins að vextir frá útborgunardegi greiddust með 1. gjalddaga. Einnig sagði í 4. tölulið 2. gr. hinna almennu samningsskilmála að sóknaraðila væri heimilt að endurreikna leigugjald sem væri gengistryggt samkvæmt breytingum á LIBOR/EURIBOR-vöxtum á erlendum gjaldmiðlum tilgreindum í 6. gr. samningsins. Jafnframt sagði í 2. tölulið 12. gr. skilmálanna að við riftun á samningi skyldi leigutaki standa leigusala skil á leigugreiðslu skv. 5. lið samnings margfaldaðri með þeim fjölda greiðslna sem eftir stæðu, að frádregnum vaxtahluta þeirra. Þá liggur fyrir að í þremur breytingum á skilmálum samnings aðila sagði að greiðsluáætlun væri breytt á þann veg að á tilteknu tímabili yrðu vaxtagjalddagar, þ.e. einungis greiddur vaxtaþáttur afborgunar skv. greiðsluáætlun.

Ekki verður séð að í samningi aðila hafi verið samhengi milli greiðslna varnaraðila og afnota af samningsandlaginu og var greiðsluskylda varnaraðila óháð afnotum af andlaginu, sbr. ákvæði 7. gr. samningsskilmálanna um að greiðsluskylda falli ekki niður þó svo afnot falli niður vegna bilunar eða tjóns.

Skv. 12. gr. hinna almennu samningsskilmála var sóknaraðila heimilt, þó svo samningi aðila væri rift á grundvelli vanskila eða honum slitið af öðrum ástæðum, að innheimta fullar leigugreiðslur til loka samningstímans og bar varnaraðila að standa skil á gjaldföllnum greiðslum, ógjaldföllnum afborgunum, öðrum tilfallandi kostnaði, bótum til leigusala vegna riftunar og dráttarvöxtum.

Þá virðist sá háttur hafa verið hafður á í framkvæmd í viðskiptum aðila við lok fjármögnunarleigusamninga, en aðilar munu hafa gert allnokkra slíka samninga, að eignarhaldið færðist frá sóknaraðila til varnaraðila án sérstaks samnings þar um. Á greiðsluseðlum frá sóknaraðila var tilgreint áætlað verðmæti leigumunar í lok samningstíma og mun það hafa verið ígildi lokagreiðslu til færslu eignarréttar frá sóknaraðila til varnaraðila. Ekkert dæmi virðist til um það í viðskiptum aðila að lok fjármögnunarleigusamnings hafi verið með þeim hætti sem greinir í ákvæði 13 b í almennum samningsskilmálum sóknaraðila.

Að öllu því virtu sem hér hefur verið rakið er það álit dómsins að sóknaraðili hafi í raun veitt varnaraðila lán til kaupa á vél þeirri sem samningur aðila tók til og hafi

samningurinn því ekki verið raunverulegur leigusamningur heldur lánssamningur í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001, sem sóknaraðili kaus í orði kveðnu að klæða í búning leigusamnings.

B.

Samningsfjárhæðin í samningi aðila var tilgreind í íslenskum krónum og einnig mánaðarlegar greiðslur. Þá er í 3. tölulið 2. gr. hinna almennu samningsskilmála sóknaraðila talað um gengistryggðar leigugreiðslur. Einnig verður ekki fram hjá því litið að fjárhæðir í erlendri mynt eru ekki tilgreindar í samningi aðila, eingöngu hlutfall þeirra.

Með vísan til framangreinds og niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í málum nr. 92/2010 og 153/2010 verður að telja ljóst að hinn umdeildi samningur hafi falið í sér skuldbindingu í íslenskum krónum. Fellur hann því undir reglur VI. kafla laga nr. 38/2001. Samningurinn er lánssamningur í íslenskum krónum sem er gengistryggður eftir gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla á gjalddögum hans. Tilvitnuð lög heimila ekki verðtryggingu lána í íslenskum krónum með bindingu þeirra við gengi erlendra gjaldmiðla. Ákvæði 13. og 14. gr. laganna eru ófrávíkjanleg, sbr. 2. gr. þeirra. Tekið skal fram að sóknaraðili hefur ekki sannað að hinn gengistryggði samningur hafi verið varnaraðila til hagsbóta og hann því lögmætur á grundvelli 2. gr. i.f. laganna. Þvert á móti þykir mega ráða af fyrirbyggjandi endurútreikningum, gerðum í samræmi við forsendur Hæstaréttar í málinu nr. 471/2010, að þannig sé samningurinn varnaraðila hagstæðari en ef hann stæði óbreyttur. Að öllu þessu sögðu verður því slegið föstu að ákvæði um gengistryggingu í samningi aðila hafi verið í andstöðu við fyrirmæli laga nr. 38/2001 og þau því ekki skuldbindandi fyrir varnaraðila.

Með setningu laga nr. 38/2001 voru heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla felldar niður. Lögin standa því hins vegar ekki á nokkurn hátt í vegi að lán séu veitt hérlendis í erlendri mynt. Reifun sóknaraðila á þeim málatilbúnaði að framangreind niðurstaða sé í andstöðu við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum um frelsi til fjármagnsflutninga, sbr. 40. samningsins, er alls ófullnægjandi. Þykir sóknaraðili ekki hafa fært fram fyrir því haldbær rök að ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 séu andstæð ákvæðum EES-samningsins um frjálsta fjármagnsflutninga, sbr. 40. gr. samningsins. Verður því að hafna þeim málatilbúnaði sóknaraðila.

C.

Í samningi aðila frá 16. ágúst 2007 var ekki mælt fyrir um að skuldbinding varnaraðila við sóknaraðila ætti að fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs. Er hvorki unnt að gefa samningnum það inntak með skýringu né geta lög leitt til þeirrar niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 471/2010. Með vísan til þessa fordæmis réttarins, sem hér þykir eiga við, verður að líta svo á að atvik svari hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Þegar svo stendur á skulu vextir skv. 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001, vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákvæður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru skv. 10. gr. laganna.

Samkomulag er með aðilum um að við úrlausn málsins skuli miða við útflutningsverð Komatsu-vélarinnar að fjárhæð 15.385.000 krónur, sbr. fyrirbyggjandi verðmat Vélafs ehf. Samkvæmt áðursögðu og framlögðum endurútreikningi, sem byggir á dómafordæmi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 471/2010, og sóknaraðili hefur ekki hnekk, eru eftirstöðvar samnings aðila 22.715.789 krónur. Aðrar málsástæður sóknaraðila eru ekki studdar haldbærum rökum og verður þeim hafnað. Að þessu athuguðu þykir verða að fallast á kröfu varnaraðila í málinu.

Eftir úrslitum málsins úrskurðast sóknaraðili til að greiða varnaraðila málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn svo sem í úrskurðarorði greinir.

Úrskurð þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Krafa sóknaraðila, Íslandsbanka hf., að fjárhæð 7.330.789 krónur, er viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú AB 258 ehf., varnaraðila máls þessa.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 450.000 krónur í málskostnað.

Símon Sigvaldason